

## Sumarstuð hjá Nova!

Sólskinstilboð og sumarlegir dýlar á nova.is! Folfdiskur fylgir með öllum farsímum svo þú getur notið útiverunnar og kannski farið holu í höggi!

Kaupauki!  
Diskó!  
Diskó-folfdiskur fylgir öllum farsímum

Apple  
**iPhone 13 Pro  
Max 128GB**  
204.990 kr.  
219.990 kr.

15.000  
króna  
afsl.



Apple  
**iPhone 13 Pro  
128GB**  
184.990 kr.  
199.990 kr.

15.000  
króna  
afsl.

# NOVA



XQ  
Partyhátalari  
14.392 kr.  
17.990 kr.

20%  
afsl.



STM  
3x hleðslu-  
standur  
6.392 kr.  
7.990 kr.

20%  
afsl.

## Snjallar vörur!



Apple  
AirPods  
(2019)  
21.990 kr.  
26.990 kr.

5.000  
króna  
afsl.



Populele  
Snjallgítar  
15.992 kr.  
19.990 kr.

20%  
afsl.



Apple  
iPad 10.2  
64GB  
58.491 kr.  
64.990 kr.

10%  
afsl.

# Tilkynningafrí!

Snjalltækjum fylgir ekki tilkynningaskylda. Prófaðu að slökkva á öllu þessu áreiti og finndu frelsið sem fylgir lífi án rauðu deplanna. Hugsaðu um tilfinningar en ekki tilkynningar.



5G



Apple  
iPhone 12  
64GB  
124.990 kr.  
139.990 kr.

15.000  
króna  
afsl.



5G



Apple  
iPhone 13  
128GB  
142.990 kr.  
152.990 kr.

10.000  
króna  
afsl.



5G



Samsung  
Galaxy Flip Z3  
128GB  
129.990 kr.  
179.990 kr.

50.000  
króna  
afsl.

Tilboðin gilda á nova.is út fimmtudaginn 2. júní.

Finndu fleiri dila og skemmtilegheit á

## Úrlausn hjá Nova

Hringdu, hlustaðu á tónlist og taktu á móti símtölum í snjallúrinu án þess að síminn sé nálægur. Andaðu að þér ferskasta loftinu og njóttu útiverunnar með netfengdu snjallúri.



Úrlausn  
fylgir í  
4 mán.

eSIM

Apple Watch  
Silfur Series SE  
LTE 44mm  
51.990 kr.  
71.990 kr.

20.000  
króna  
afsl.



Úrlausn  
fylgir í  
4 mán.

eSIM

Apple Watch  
Series 6 LTE  
44mm  
54.990 kr.  
94.990 kr.

40.000  
króna  
afsl.



Frí heimsending

Xiaomi  
Rafskúta 1S  
49.990 kr.  
59.990 kr.

10.000  
króna  
afsl.



Frí heimsending

Power  
Zero 9  
76.990 kr.  
86.990 kr.

10.000  
króna  
afsl.



Frí heimsending

Power  
Zero 10 X  
174.990 kr.  
184.990 kr.

10.000  
króna  
afsl.

## Allskonar greiðslumöguleikar!

Með Aur, Netgíró eða Borgun.



BORGUN



netgíró

## Besti díllinn!





Mismunandi  
kerfi Ingunnar



Tonn af ís í  
bakpoka



Menning > 18

Lífið > 20

# FRÉTTABLAÐIÐ

106. TÖLUBLAÐ 22. ÁRGANGUR

frettabladid.is

MÍÐVIKUDAGUR 1. JÚNÍ 2022



Listahátíð í Reykjavík hefst í dag og stendur til 19. júní. Við Hallgrímskirkju hefur listakonan Steinunn Þórarinsdóttir komið fyrir skúlptúrum af nöktum og brynjuðum mönnum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Nýsköpun og orkuskipti verði í forgangi næstu ár

**ORKUMÁL** Landsvirkjun leggur ekki áherslu á að fá nýja stórnotendur í málmíðnaði eða hrávörvinnslu í viðskipti á næstu árum. Útflutningur orku er ekki heldur í forgangi. Þetta kemur fram í aðsendri grein frá Herði Arnarsyni, forstjóra Landsvirkjunar, í blaðinu í dag.

Í forgangi verður að sinna innlendum orkuskiptum, styðja við aukna stafræna vegferð, þó ekki rafmyntavinnslu.

Einnig verður áhersla lögð á nýsköpun, meðal annars í fjölnýtingu og matvælavinnslu sem krefst orku og stuðlar að fjölbreytni atvinnulífs víða um land.

Landsvirkjun hyggst einnig styðja við framþróun núverandi stórnotenda. **SJÁ SÍÐU 12**

## Rútuskortur hindrar að farþegar komist í ferðalög

Kórónafaraldurinn leiddi til þess að fyrirtæki í ferðaþjónustu þurftu að selja frá sér rútur. Heljarstökk úr engu í brjálada eftirspurn þýðir að stóra bíla vantar til að flytja ferðamenn.

bth@frettabladid.is

**FERDAPJÓNUSTA** Skortur á rútum mun að óbreyttu koma í veg fyrir að allir þeir erlendu ferðalangar sem vilja bóka ferðir innanlands fái vilja sínum framgengt í sumar.

Töluverð brögð voru að því á Covid-tímanum þegar allt lá niðri að fyrirtæki seldu stóra bíla úr landi til að halda velli, ekki síst rútur. Nú



Fjöldi rúta var seldur úr landi í faraldrinum.

þegar ferðaþjónustan tekur hraðar við sér en nokkur sá fyrir horfir í skort á rútabílum.

Guðmundur Jónasson ehf. er eitt rötgrónasta rútfyrirtæki landsins. Stefán Gunnarsson forstjóri segir brjálada að gera. Ekki bara í flutningum heldur sé uppselt á hótélum víða um land út sumarið.

„Við gengum í gegnum Covid, svo urðu launahækkningar og nú kemur

mikil hækkun á aðföngum, ekki síst eldsneyti. Þetta hafa verið brekkur en sem betur fer er ferðaþjónustan að taka ótrúlega vel við sér,“ segir Stefán.

Reyndar svo vel að óvíst er hvort hægt verður að inna af hendi umbeðna þjónustu af hálfu erlendra viðskiptavina.

„Margar ferðaskrifstofur sem sinna skemmtiferðaskipum eru með hjartað í brókunum yfir að fá ekki nógu marga rútabíla,“ segir Stefán.

Gunnar Tryggvason, starfandi hafnarstjóri Faxaflóahafna, segir um umskiptin: „Svona er bransinn. Fyrst héldu menn að sér höndum en nú verða vaxtarverkir þegar stíflan losnar.“ ■

## Þorsteinn Már rýfur þögnina

**SJÁVARÚTVEGUR** „Mér finnst orðræðan um íslensk fyrirtæki sem stunda veiðar og vinnslu á köflum svolítið skrytín.“

Það á að þrengja að fyrirtækjum sem eru í veiðum og vinnslu á villtum fiski og kallað er eftir því að þau verði brotin upp,“ segir Þorsteinn Már.


Á sama tíma bendir forstjóri Samherja á að laxeldisfyrirtækin vaxi hratt og séu stærri en stærstu hefðbundnu sjávarútvegsfyrirtækin.

„Þessi laxeldisfyrirtæki eru í meirihlutaeigu Norðmanna, sem voru tilbúnir til að koma með polinmótt fjármagn og þekkingu inn í greinina.“

Þorsteinn Már rýfur langa fjölmiðlaþögn með viðtali við Fréttablaðið í dag. **SJÁ SÍÐU 4**

Boozt.com

THE NORDIC DEPARTMENT STORE



NÚ ER TÍMI FYRIR  
SUMMER SALE



## Ráðherra segir rök með hvalveiðum ekki blasa við

bth@frettabladid.is

**HVALVEIÐAR** Svandís Svavarsdóttir matvælaráðherra útilokar ekki breytingar á hvalveiðum eða að veiðunum verði hætt.

Gildistími reglugerðar sem er forsenda þess að hægt sé að stunda hvalveiðar í ábataskyni innanlands rennur út á næsta ári.



Svandís Svavarsdóttir, matvælaráðherra

„Ég mun láta fara fram úttekt á hversu þjóðhagslega hagkvæmt þetta er,“ segir Svandís.

Ráðherrann segir að leggja þurfi mat á hve skynsamlegt sé að halda hvalveiðum áfram.

„Ég sé rökkin ekki blasa við,“ segir Svandís. ■

## Ráðningarferlið hjá Eflingu sagt ganga vel

ser@frettabladid.is

**KJARAMÁL** „Ráðningarferli hafa gengið mjög vel og kláruðust mánuði fyrir en við gerðum ráð fyrir,“ segir Sólveig Anna Jónsdóttir, formaður Eflingar, sem auglýsti eftir tuttugu starfsmönnum á skrifstofu félagsins í apríl eftir umtalaðar uppsagnir á fyrra starfsfólki.

Í tilkynningu frá Eflingu segir að nýráðnir starfsmenn gangi í fjölbreytt störf við þjónustu, í vinnuréttindum, í fræðslu- og félagsmálum, en af þeim hafi meira en helmingur reynslu af störfum fyrir félagið. Með ráðningunum hafi stórt skref verið stigið að fullri mönnum skrifstofunnar undir nýju skipulagi.

„Það er ánægjulegt hversu stór hluti nýráðinna starfsmanna kemur úr hópi eldri starfsmanna sem sóttu um og hafa reynslu af störfum fyrir félagið. Vinna við eftirfylgni breytinga og annað uppbyggingarstarf á skrifstofunni heldur nú áfram af fullum krafti,“ segir Sólveig Anna Jónsdóttir. ■

## Ærslafullur snákur



Hælisleitendur og innflytjendur æfa fyrir Snák, samstarfsverkefni Rauða krossins og Borgarleikhússins. SJÁ SIÐU 12

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

## Farið að bera á skorti á matvörum

**MATVÆLI** Jón Bjarki Bentsson, aðal-  
hagfræðingur Íslandsbanka, segir að farið sé að bera á skorti á matvörum víðs vegar í heiminum, einkum á kornvörum.

Stríðið í Úkraínu hafi hella olíu á eldinn en farið var að bera á skorti á matvælum áður en sú staða kom upp.

„Horfurnar eru vægast sagt tví-sýnar. Vissulega hafa þær versnað eftir innrás Rússa í Úkraínu þar sem bæði löndin eru stórir útflytjendur á hveiti, matarolíu og aðföngum til matvælaframleiðslu,“ segir Jón Bjarki. Fátækari þjóðir muni finna mest fyrir þessu.

Jón Bjarki bætir við að fyrir innrás Rússa inn í Úkraínu hafi verið uppi áhyggjur af matvælaframleiðslu og framboði á heimsvísu, sér í lagi á hveiti. SJÁ MARKAÐINN SIÐU 8

# Hundrað dagar frá upphafi innrásar Rússa í Úkraínu

Í þessari viku, þann 3. júní, eru 100 dagar frá því að stríð braust út í Úkraínu. Stór hluti barna landsins er á flotta og í það minnsta 262 börn hafa verið myrt. UNICEF kallar eftir tafarlausu vopnahléi.

lovisa@frettabladid.is

**ÚKRAÍNA** Hundrað dagar eru frá því að stríðið braust út í Úkraínu. Á þeim tíma hafa næstum tvö af hverjum þremur börnum landsins neyðst til að flýja heimili sín, að minnsta kosti 262 börn hafa verið drepin og yfir 400 særst alvarlega. Hundruð skóla og meira en 250 heilsugæslustöðvar hafa eyðilagst í árásunum.

„Þetta eru ömurleg tímamót. Hundruð dagar af stríði þar sem lífi milljóna barna hefur verið splundrað og heimili og skólar lagðir í rúst. Börn þurfa vopnahlé, frið og brýna aðstoð til að vinna úr áföllum sínum,“ segir Steinunn Jakobsdóttir, kynningarstjóri UNICEF á Íslandi, en stofnunin áætlað að fimm milljónir barna þurfi nú á mannúðaraðstoð að halda, þar af þrjár milljónir barna innan Úkraínu.

UNICEF hefur frá upphafi stríðs verið á vettvangi í Úkraínu og hefur dreift lyfjum og sjúkragögnum til rúmlega tveggja milljóna einstaklinga, tryggt milljónum aðgang að hreinu vatni og tryggt 610 þúsund börnum og fjölskyldumeðlimum þeirra gegndheilbrigðisþjónustu og sálrænan stuðning.

UNICEF hefur einnig sett upp 25 barnvæn svæði (e. Blue dots) á flóttaleiðinni frá Úkraínu og til nágrannaríkjanna, meðal annars í Rúmeníu, Póllandi, Ítalíu, Búlgaríu, Moldóvu og Slóvakíu. Þar styður UNICEF ríkisstjórnir og sveitarstjórnir í að bregðast við þeim mikla fjölda fólks á flotta sem þarf nauðsynlega þjónustu og vernd. Þetta



Hér má sjá Maxim leika sér í tjaldi á barnvænu svæði fyrir mæður og börn þeirra í Isaccia á meðan þau bíða eftir rútu á næsta áfangastað. MYND/UNICEF



Þetta eru ömurleg tímamót. Hundruð dagar af stríði þar sem lífi milljóna barna hefur verið splundrað og heimili og skólar lagðir í rúst.



Steinunn Jakobsdóttir, kynningarstjóri UNICEF á Íslandi

felur meðal annars í sér að þjálfa landamæraverði til að bera kennsl á fylgdarlaus börn og bregðast við gruni um mansal, að veita börnum á flotta viðtækan stuðning og að útvega bæði bóluferni og sjúkragögn.

UNICEF krefst þess að virtar séu alþjóðlegar skuldbindingar um að vernda börn og það tryggt að hjálparamtök geti umsvifalaust fengið fullan aðgang að þeim svæðum þar sem börn eru í neyð og þurfa hjálp. Hægt er að styðja við neyðarsöfnun UNICEF á vefnum, unicef.is.

„Við erum full þakkklætis yfir öllum þeim stuðningi sem almenn-ingur og fyrirtæki á Íslandi hafa sýnt í verki. Það hafa verið fjölmargar skólasafnanir, styrktarsýningar og tónleikar, börn hafa haldið tom-bólu og selt listaverk fyrir jafnaldra sína í Úkraínu, svo dæmi séu tekin. Þessi mikli stuðningur frá Íslandi hefur meðal annars nýst til að koma upp barnvænum svæðum þar sem börn og fjölskyldur þeirra á flotta fá aðstoð, nauðsynlega þjónustu og ráðgjöf,“ segir Steinunn. ■

**FRÉTTAVAKTIN**  
KL. 18.30

Fréttaumfjöllun fyrir alla.  
í opinni dagskrá á virkum dögum  
á Hringbraut og frettabladid.is

FRÉTTA  
VAKTIN

h  
HRINGBRAUT





blómaval HÚSASMÍÐJAN

# FYRIR ÞIG

Mörg þúsund vörur á tilboði

# HÚSASMÍÐJU DAGURINN

Hefst í dag kl. 9:00 um land allt

## 20-30% afsláttur

Allar vörur í Blómavali **25%** • Sumarblóm, garðplöntur, trjáplöntur **25%** • Pottaplöntur **25%**  
 Blómapottar **25%** • Pallaolía og viðarvörn **30%** • Útimálning **30%**  
 LADY málning **30%** • Gasgrill, (Nexgrill og Outback) **20%** • Garðhúsgögn **20%**  
 Garðverkfæri og klippur (Wolf Garten) **20%** • Sláttuvélar **20%** • Claber slönguhjól **20%**  
 Rafmagns- og garðverkfæri (Black+Decker) **20%** • Hekklippur (Black+Decker) **20%**  
 Háprýstidælar (Nilfisk) **20%** • Tröppur og stigar **20%** • Verkfæri (Worx) **20%** • Reiðhjól **20%**  
 Rafmagnshjól **20%** • Búsáhöld **25%** • Pottar, pönnur, diskar og glös **25%**  
 Parket og flísar **25%** • Inni og útiljós (Gildir ekki af Hue) **20%** • Vaskar, handlaugar og salerni **30%**  
 Blöndunartæki, eldhús og bað (GROHE og Damixa) **30%** • Uppblásnir rafmagnspottar **20%**  
 ... og margt fleira

**Garða-  
ráðgjöf**

Skútuvgi kl. 15-19  
Lára Jónsdóttir,  
garðyrkjufræðingur  
gefur góð ráð fyrir  
garðverkin

**Opið til  
kl. 21:00**

í Skútuvgi  
í kvöld



**Allir fá íspinna**

á meðan birgðir  
endast í Skútuvgi  
kl. 12-19

LADY

**Litaráðgjöf**

Skútuvgi kl. 17-19  
Maja Ben hjálpar þér  
að velja réttu litina



# Stærra Borgarbókasafn í Grófinni verður upplifunartorg

ser@frettabladid.is

**MENNING** Viðbygging Borgarbókasafnsins í Grófinni í Reykjavík, sem staðið hefur auð í hálfan áratug, fær nú bráðum glæsilegt hlutverk, en fimm teymi arkitekta skila tillögum um upplifunartorg í húsinu í dag og verður sú besta valin 22. júní.

Pálína Magnúsdóttir borgarbókavörður segir margar ástæður vera fyrir því að ekki var ráðist í lokafrágang viðbyggingarinnar fyrr en nú, en nýja rýmið er alls 1.200 fermetrar, áfast vesturgafli Grófarhússins, á sex hæðum. Meginástæðan hafi verið niður-

skurðarkrafa í rekstri bókasafnsins á sínum tíma, en um líkt leyti hafi verið ljóst að nýting bókasafnsins á húsakostinum í Grófarhúsinu myndi breytast, skjalasafnið á þriðju hæð hússins og hluta þeirrar fjórðu yrði flutt í annað húsnæði og ljósmyndasafnið á þeirri sjöttu færi í Hafnarhúsið.

„Því var augljóst að gera þyrfti allsherjar endurskipulag á þessum samtals 7.000 fermetrum sem Borgarbókasafnið hefur nú til umræða eftir að viðbyggingin kom til sögunnar og tilflutningar á annarri starfsemi eru að baki,“ segir Pálína. Og þer nú nýrra við, því bókasafn-



Við verðum staður til að vera á.



Pálína Magnúsdóttir, borgarbókavörður



Arkitektinn Aat Vos hefur gefið ráð.

ið mun taka stórtækum breytingum hvað þjónustu og upplifun varðar. „Nýja Borgarbókasafnið verður víti við höfnina,“ útskýrir Pálína

og segir hollenska arkitektinn Aat Vos hafa verið húsráðendum til ráðgjafar um notkunarmöguleika alls hússins.

„Hann er heimskunnur sérfræðingur í gerð svokallaðra samfélags-húsa, á þriðja staðnum, sem svo heitir og kemur á eftir heimili og vinnustað,“ segir Pálína og kveðst afar spennt að sjá útfærslurnar sem munu meðal annars státa af miklu stærri barnadeild en nú er til staða í húsinu, alls konar viðburðum og ævintýrum fyrir fjölskyldur og einstaklinga.

„Við verðum staður til að vera á,“ segir Pálína Magnúsdóttir. ■



Fasteignamat íbúða hækkar um 23,6 prósent á höfuðborgarsvæðinu samkvæmt Þjóðskrá.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Matið hækkar um tuttugu prósent

benediktboas@frettabladid.is

**FASTEIGNIR** Heildarmat fasteigna á Íslandi hækkar um tæp tuttugu prósent frá yfirstandandi ári og verður 12 þúsund milljarðar króna, samkvæmt nýju fasteignamati Þjóðskrár Íslands fyrir árið 2023. Mest er hækun fasteignamats á Suðurlandi.

Þetta kemur fram hjá Þjóðskrá. Segir þar að hækunin sé umtalsvert meiri en tilkynnt var um fyrir ári síðan þegar fasteignamat hækkaði um 7,4 prósent á landinu öllu.

Fasteignamat íbúða hækkar mest í Fljótsdalshreppi en þar hækkar íbúðamatið um 38,9 prósent, í Árborg og Hveragerðisbæ um 36,6 prósent og í Ölfusi um 36 prósent.

Minnstu hækkanir eru í Dalvíkurbyggð þar sem mat hækkar um 6,2 prósent og í Hörgársveit og Skútustaðahreppi um 8,5 prósent.

Fasteignamat atvinnuhúsnæðis hækkar um 10,2 prósent á landinu öllu. Fasteignamat sumarhúsa hækkar um 20,3 prósent á landinu öllu. Mesta hækun er í Langanesbyggð þar sem mat hækkar um 40,6 prósent en mesta lækkun er í Dalabyggð en þar lækkar fasteignamatið um 15,2 prósent. ■

# Segir illdeilur skaða sjávarútveginn

Þorsteinn Már Baldvinsson, forstjóri Samherja, fagnar því skrefi Svandísar Svavarsdóttur matvælaráðherra að skipa nefndir um sjávarútveg. Hann furðar sig á umræðu um að brjóta upp íslensk félög sem stunda veiðar á villtum fiski á sama tíma og Norðmenn valsi um í laxeldi hérlendis.

bth@frettabladid.is

**SJÁVARÚTVEGUR** „Sjávarútveginn hefur almennt vegnað vel en ég bendi á að sjávarútvegurinn er mjög svo sveiflukennnd atvinnugrein, sagan sýnir okkur það. Auk þess hafa veiðiheimildir dregist verulega saman,“ segir Þorsteinn Már um hvort greinin leggi nóg fram til samneyslunnar.

„Varðandi auðlindagjaldið, þá verðum við að hafa það í huga að gjaldið er beintengt afkomu miðað við árið á undan, sem er skynsamleg leið. Gjaldið hækkar sem sagt þegar vel gengur. Hversu hátt það á að vera er alfarið ákvörðun stjórnvalda hverju sinni,“ bætir Þorsteinn Már við.

Fréttablaðið greindi frá methagnaði útgerðarfyrirtækja í gær. Eiginfjárstaða útgerðarmanna hefur aukist um meira en hundrað milljarða á nokkrum árum og voru umsvif kvótakóna sem ná yfir á fleiri svið samfélagsins til umræðu.

„Mér finnst orðræðan um íslensk fyrirtæki sem stunda veiðar og vinnslu á köflum svolítið skrýtin. Það á að þrengja að fyrirtækjum sem eru í veiðum og vinnslu á villtum fiski og kallað er eftir því að þau verði brotin upp,“ segir Þorsteinn Már.



Svandís Svavarsdóttir hefur sagst brenna fyrir auknu réttlæti í sjávarútvegi og vera óhrædd a tækla erfið mál.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Mér finnst orðræðan um íslensk fyrirtæki sem stunda veiðar og vinnslu á köflum svolítið skrýtin.



Þorsteinn Már Baldvinsson, forstjóri Samherja

Hann bendir á að á sama tíma vaxi laxeldisfyrirtækin hratt og séu stærri en stærstu hefðbundnu sjávarútvegsfyrirtækin.

„Þessi laxeldisfyrirtæki eru í

meirihluta eigu Norðmanna, sem voru tilbúnir til að koma með þolinmótt fjármagn og þekkingu inn í greinina.“

Þorsteinn Már segir mikilvægt að ná sátt um sjávarútveg. Honum list ekki illa á hugmyndir Svandísar Svavarsdóttur að svo komnu máli.

„Sífelldar deilur um umgjörð sjávarútvegsins eru á margan hátt skaðlegar greininni, þannig að ég fagna því að sjávarútvegsráðherra skipar samráðsnefndir sem ætlað er að fara yfir starfsemi sjávarútvegsfyrirtækja. Ég býst ekki við öðru en að allir þættir verði skoðaðir gaumgæfilega og nefndirnar skili niðurstöðu sem hægt er að byggja á til framtíðar, enda verður atvinnulífið að geta horft nokkur ár fram í tímann þegar ákvarðanir um fjárfestingar eru teknar.“

Þorsteinn Már bendir á að fjárfestingar í sjávarútvegi séu gríðarlega kostnaðarsamar, svo sem fiskvinnslur og skip. Samherji hafi

fjárfest fyrir 25 milljarða króna í landvinnslum og skipum á síðustu fimm árum. Nýtt hátæknifiskvinnsluhús kosti um 10 milljarða og ný hátæknifiskimjölsværsmiðja um 20 milljarða.

„Þetta eru fjárfestingar sem eru nauðsynlegar til að reka tæknivæðdan sjávarútveg í fremstu röð á heimsvísu.“

Þorsteinn Már segir að hafa verið í huga að íslenskur sjávarútvegur keppi á alþjóðlegum mörkuðum, þar sem gerðar séu kröfur um gæði, stöðugleika og afhendingaröryggi. Þrátt fyrir tal um rísa hér teljist íslensku fyrirtækin ansi lítil úti í heimi.

Svandís Svavarsdóttir sagði á Fréttavaktinni á Hringbraut í gær að hún brynni fyrir auknu réttlæti í sjávarútvegi. Hún segist hafa verið óhrædd við að tækla erfið mál og boðar gagnsæi í vinnu starfshópa sem hún er að skipa og er ætlað að leggja til breytingar á kerfinu. ■



KRAFTUR  
K

BERUM  
ARMBANDIÐ  
OG SÝNUM  
KRAFT Í VERKI

lifidernuna.is



# SUZUKI ACROSS

PLUG-IN  
HYBRID

SUZUKI ACROSS PLUG-IN HYBRID ER SPARNEYTINN,  
UMHVERFISVÆNN OG ÖFLUGUR SPORTJEPPI

VERÐ KR.  
8.990.000



SUZUKI  
5  
ÁRA  
ÁBYRGÐ

4X4

SUZUKI ACROSS  
FJÓRHJÓLADRIFINN

Hámarks skilvirkni og ríkuleg akstursánægja sameinast  
í fjórhjóladrifna tengiltvinnbílnum Suzuki Across.

FLUTT MED  
EIMSKIP

## Söluumboð Suzuki á landsbyggðinni:

Akureyri: Bílaríki, Lónsbakka.

Egilsstaðir: Bílaverkstæði Austurlands ehf, Miðási 2.

Hvolsvellir: Viðskiptaþjónusta Suðurlands, Ormsvellir 7.

Ísafjörður: Bílatangi ehf., Suðurgötu 9.

Reykjanesbær: K. Steinarsson, Holtsgötu 52.



● Fáðu nánari upplýsingar á [suzuki.is](http://suzuki.is)



Suzuki á Íslandi

YouTube

Suzuki bílar hf. | Skeifunni 17 | Sími 568 5100



## Vonast eftir afdráttarlausri afstöðu ríkja

ragnarjon@frettabladid.is

**LOFTSLAGSMÁL** Tinna Hallgrímsdóttir, forseti Ungra umhverfissinna, tekur þátt í loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna, Stokkhólmur+50, sem haldin verður 2.–3. júní 2022. Yfirskrift ráðstefnunnar er Heilbrigð pláneta fyrir velmegun allra – okkar ábyrgð, okkar tækifæri.

Aðspurð um mikilvægi ráðstefnunnar og þær væntingar sem hún hefur segir Tinna: „Í dag ríkir neyðarástand, þannig að hver ráðstefna þarf að kveða fastar að orði en sú síðasta, til að mynda vonast ég til að Stokkhólmur+50 taki mun afdráttarlausari afstöðu hvað varðar jarðefnaeldsneyti en til dæmis COP26.“



Tinna Hallgrímsdóttir, forseti Ungra umhverfissinna

Ráðstefnan markar tímamót þar sem 50 ár eru nú liðin frá því að fyrsta alþjóðlega ráðstefnan um umhverfismál var haldin á vegum Sameinuðu þjóðanna. Sú ráðstefna leiddi meðal annars til stofnunar Umhverfisstofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNEP).

„Mannkynið stendur nú á krossgötum hvað varðar umhverfismál, en það sem verður ákveðið á Stokkhólmi+50 mun móta framtíð komandi kynslóða,“ segir Tinna og bætir við: „Þrátt fyrir að margt hafi áunnist á þeim 50 árum síðan alþjóðasamfélagið áttaði sig á nauðsyn þess að grípa til aðgerða til bjargar umhverfinu er staðreyndin sú að þær aðgerðir sem ráðist hefur verið í endurspegluðu engan veginn alvarleika ástandsins.“ ■

# Vextir hafa lítil áhrif á eftirspurnina

Verðbólga heldur áfram að aukast hér á landi þrátt fyrir að Seðlabankinn hafi á einu ári fimmfaldað stýrivexti sína, sem hafa hækkað úr 0,75 prósentum í maí 2021 í 3,75 prósent.

olafur@frettabladid.is

**NEYTENDUR** Vísitala neysluverðs hækkaði um 0,77 prósent milli apríl og maí og verðbólguhraðinn er nú 7,6 prósent miðað við heilt ár. Er þetta mjög í takt við spár greiningaraðila.

Enn sem komið er hafa vaxtahækkunir ekki komið böndum á hækkun íbúðaverðs. Mikill skortur á húsnæði er staðreynd og greinilegt að vaxtataki Seðlabankans slær ekki á eftirspurnina. Þarf það ef til vill ekki að koma á óvart þegar horft er til þess að bygging nýrra íbúða hefur ekki haldið í við eftirspurn um langt skeið.

Við bætist nú að hjól efnahagslífsins eru að komast á fullan snúning og mikil þörf er fyrir vinnuafli á íslenskum vinnumarkaði. Talið er að ferðaþjónustan þurfi að fá sjö til níu þúsund erlenda starfsmenn til landsins á þessu ári og því næsta til að hægt sé að sinna ferðamönnum sem streyma til landsins.

Þá vantar annan eins fjölda sérfræðinga til starfa í vaxtarfyrirtækjum landsins á komandi misserum. Allt þetta fólk þarf húsnæði og framboðið er einfaldlega ekki nægilegt og ekki útlit fyrir að það breytist í bráð.

Verkalýðsleiðtogar hafa lýst miklum vonbrigðum með vaxtastefnu Seðlabankans og lýst efasemdum um virkni hennar. Stýrivextir Seðlabankans dugi skammt gegn innfluttri verðbólgu og miklar hækkunir íbúðaverðs sýni að ekki dugi vaxtavopnið þar heldur.

Þetta ástand er ekki nýtt hér á landi. Ekki er heldur nýtt að aðilar vinnumarkaðarins hafi áhyggjur af skaðsemi peningamálastefnu Seðlabankans. Í júní og ágúst 2007 rituðu formaður og framkvæmdastjóri



Stýrivaxtahækkunir Seðlabankans undanfarið ár hafa mikil áhrif á greiðslubyrði heimila með húsnæðislán á breytilegum vöxtum en virðast lítt sporna við mikilli eftirspurn eftir húsnæði og verðhækkunum. Vaxtahækkunir hafa styrkt krónuna verulega.

FRÉTTABLAÐIÐ/  
PIJETUR



**Tilgangurinn með vaxtahækkunum er ekki endilega að hafa mikil áhrif á fyrirtæki og einstaklinga heldur að senda skilaboð.**

Jón Danielsson, hagfræðiprófessor

Samtaka atvinnulífsins (SA) bréf til Geirs Haarde, þáverandi forsætisráðherra, og lýstu áhyggjum sínum af afleiðingum peningamálastefnu Seðlabankans.

Þá töldu SA nauðsynlegt að endurskoða verðbólguþætti Seðla-

**Dæmi um áhrif vaxtahækkana Seðlabankans síðustu 12 mánuði á fjölskyldur með húsnæðislán á breytilegum vöxtum\***

	Fjárhæð láns	
	25 milljónir	50 milljónir
Aukin mánaðarleg greiðslubyrði	62.500 kr.	125.000 kr.
Aukin árleg greiðslubyrði	750.000 kr.	1.500.000 kr.

\* (Á einu ári hafa vextir hækkað um þrjú prósentustig)

bankans og taka tillit til þess að stjórnþætti bankans, stýrivextirnir, hefðu takmörkuð samdráttaráhrif á eftirspurn en leiði til mikilla sveiflna á gengi íslensku krónunnar. Undir bréfið rituðu Ingimundur Sigurpálsson, þáverandi formaður, og Vilhjálmur Egilsson, þáverandi framkvæmdastjóri SA.

Sama virðist uppi á teningnum nú. Vaxtahækkunir virðast ekki slá á eftirspurn en gengi krónunnar hefur styrkst mikið að undanfögnu.

Jón Danielsson, prófessor í hagfræði við London School of Economics, segir í samtali við Fréttablaðið að rétt sé um að í Evrópu sé vöxtum

vísitandi haldið lágum til að kynda undir verðbólgu vegna þess að hún lækki í raun ríkisskuldur – verið sé að nýta hana til að rýra höfuðstól ríkisskuldur.

Jón segir þetta meðal annars skýra hvers vegna gengi íslensku krónunnar hafi verið að styrkjast gagnvart pundi og evru.

„Vaxtatakið gegnir mörgum hlutverkum. Eitt þeirra er að senda þau skilaboð að seðlabanki taki verðbólgunu alvarlega. Tilgangurinn með vaxtahækkunum er ekki endilega að hafa mikil áhrif á fyrirtæki og einstaklinga heldur að senda skilaboð.“ ■

# TENERIFE

## FJÖLSKYLDAN SAMAN Í SÓL

VINSÆLT

27. JÚNÍ - 05. JÚLÍ

HG TENERIFE SUR 3\*

ÍBÚÐ MEÐ 1 SVEFNHERBERGI

VERÐ FRÁ 94.500 KR

Á MANN M.V. 2 FULLORÐNA OG 2 BÖRN  
VERÐ FRÁ 117.500 KR. Á MANN M.V. 2 FULLORÐNA

27. JÚNÍ - 05. JÚLÍ


H10 ATLANTIC SUNSET 5\*

FJÖLSKYLDUHERBERGI MEÐ HÁLFU FÆÐI

VERÐ FRÁ 178.900 KR

Á MANN M.V. 2 FULLORÐNA OG 2 BÖRN  
VERÐ FRÁ 197.500 KR. Á MANN M.V. 2 FULLORÐNA

INNIFALIÐ Í VERÐI, FLUG, GISTING, INNRIÐUR FARANGUR OG HANDFARANGUR. BÓKAÐU ÞITT SÆTI Á U.U.IS



Dróninn flaug af stað frá Svendborg-sjúkrahúsinu í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Danir taka heilbrigðisdróna í notkun

sbt@frettabladid.is

Í gær var jómfrúarferð heilbrigðisdróna en hann flaug 50 kílómetra ferð á milli Svendborg og Ærø í Danmörku. Flugíð var fyrsta opinbera verkefni heilbrigðisdrónans en hann var án farangurs í þetta skiptið. Vonast er til að slíkir drónar muni bráðlega fljúga með blóðprufur, lyf og lækningatæki.

Samgönguráðherra Danmerkur sendi heilbrigðisdrónann af stað frá Svendborg-sjúkrahúsinu á Fjöni. Dróninn flaug síðan 40 mínútna ferð til þess að komast á áfangastað.

Drónanum er stýrt frá stjórnstöð á Nørrebro í Kaupmannahöfn.

Vænghaf hans er 2,8 metrar, drægi er 100 kílómetrar og flughæð hans er allt að 80 metrar. Hann getur borið 2,5 kílóa farangur og flýgur á 100 kílómetra hraða.

Blóðprufur sem teknar hafa verið í Ærø eru fluttar með bíl til Fjöns, bíllinn verður því að fara með ferju til þess að koma prufunum á áfangastað. Dróninn mun flýta fyrir niðurstöðum úr prófunum og bjóða sjúklingum upp á betri þjónustu.

„Þetta er bara tilraunaflug, en við höldum að drónarnir geti skipt sköpum í framtíðinni. Við getum flugið þeim fram og til baka þegar ferjan siglir ekki,“ sagði forstjóri lækninga í Svendborg. ■



vfs.is



**Milwaukee**

# HÁTÍÐIN REYKJAVÍK ER Á MORGUN KL. 9-17

## ALVÖRU VERKFÆRI Á ALVÖRU TILBOÐUM KAUPAUKAR MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

Kauptu Milwaukee aukahluti fyrir 14.900 kr. og fáðu VERKFÆRATÖSKU



PEYSA eða BOLUR  
Fylgja völdum vörum meðan birgðir endast!

Sjáðu öll tilboðin á **vfs.is**



# VERKFÆRA SALAN

**Milwaukee**  
**BÍLLINN**  
Komdu, sjáðu og prufaðu allt það nýjasta!

**DERHÚFA**  
Fylgir öllum kaupum meðan birgðir endast!



**TILBOÐS-  
BÆKLINGUR**  
Náðu þér eintak!



**HAPPDRETTI**  
Verslaðu Milwaukee vöru dagana 31. maí til 30. júní og þú ferð í pott. Stórglæsilegir vinningar! 3 heppnir geta unnið glæsilegan uppblásinn Milwaukee heita pott.





## Bjartsýnir á að bókanir færast í sama horf

Stjórnendur ferðaskrifstofa eru bjartsýnir á að bókanir færast fljótlega í sama horf og þær voru fyrir faraldur. Þeir segja að sólarferðir njóti mikilla vinsælda meðal Íslendinga en þó séu borgarferðir að sækja í sig veðrið.

magdalena@frettabladid.is

Þórunn Reynisdóttir, framkvæmdastjóri Úrvals Útsýnar, segir að árið í ár sé fremur sérstakt hvað varðar bókanir Íslendinga á ferðum til útlanda.

„Það er mikill dagamunur á bókunum þannig að ekki er hægt að segja að um sé að ræða venjulegt ár. Við sjáum mismunandi aukningu í bókunum inn á tímabilin sem er ekki eins og á hefðbundnu ári,“ segir Þórunn og bætir við að hún búist við því að árið 2023 verði bókanir á svipuðum stað og fyrir faraldur.

„Þetta er að færast hægt og rólega í sama horf en fer að sjálfsögðu eftir því hver staðan er á áfangastöðunum. Það er þess vegna mjög erfitt að segja til um hvenær nákvæmlega við verðum komin á sama stað og fyrir faraldur þar sem það er margt sem spilar inn í en ég spái að það verði á næsta ári.“

Margrét Helgadóttir, aðstoðarframkvæmdastjóri Heimsferða, kveðst vera bjartsýn á að bókanir Íslendinga til útlanda fari að verða jafnmargar og fyrir faraldur.

„Það er í raun allt komið af stað aftur. Uppsöfnuð þörf er mikil og margar fjölskyldur á leið í sólina. Það stefnir í að bókanir fari í sama horf og þær voru fyrir faraldur. Það gæti gerst í sumar eða í haust,“ segir Margrét og bætir við að sólarstaðirnir njóti mikilla vinsælda um þessar mundir. „Ég get nefnt Tenerife, Alicante, Krit, Malaga, Costa del Sol og Almería. Þessir staðir eru gríðarlega vinsælir og síðan má líka nefna Ítalíu en við fljúgum vikulega



Borgin Verona á Ítalíu er virkilega vinsæl meðal íslenskra ferðamanna.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

### Fyrirtækin sækja í borgirnar

Heimsferðir sérhæfa sig í ferðum fyrir hópa en Margrét segir að borgarferðir séu gífurlega vinsælar meðal fyrirtækja. „Við fáum mikið af bókunum frá fyrirtækjum í tengslum við árshátíðir en fyrirtækin hafa ekkert komist út undanfarin þrjú ár. Þannig að það er allt að fara af stað aftur. Vinsælustu borgirnar í slíkum ferðum eru Verona, Róm, Ljubljana, Prag, Búdapest, Zagreb, Porto og Lissabon.“

til Verona. Ítalía er að verða mjög vinsæll áfangastaður enda margir áhugaverðir staðir að skoða og matarmenningin mikil.“

Þórunn segir jafnframt að sólarstaðirnir séu tvímælalaust vinsælustu áfangastaðirnir. Ítalía hafi verið mjög vinsæl og að þau bjóði

nú upp á vikulegar ferðir til Verona. Þau hafi líka hafið að bjóða upp á nýjan áfangastað sem er Punta Cana í Dóminíska lýðveldinu, næsta ferð þeirra þangað er þann 25. nóvember næstkomandi.

„Sá staður hefur vakið mikla lukku. Við erum að reyna að fara í nýjar áttir þar sem landslagið er rólegt. Við viljum hafa fjölbreytt úrval þar sem fólk virðist vera opið fyrir því að prófa eitthvað nýtt.“

Margrét segir auk þess að veturinn hafi verið rólegri en í hefðbundnu ári en bókanir hafi þó



Þórunn Reynisdóttir, framkvæmdastjóri Úrvals Útsýnar



Margrét Helgadóttir, aðstoðarframkvæmdastjóri Heimsferða

aukist þegar líða tók á veturinn. „Veturinn var rólegri en týpískur vetur fyrir faraldur en fólk var samt að bóka. Síðbreytilegar reglur um ferðatakmarkanir reyndust flóknar fyrir suma farþega. En í heildina lítið var veturinn góður miðað við aðstæður.“

Margrét bætir við að Heimsferðir hafi bætt við nýjum áfangastöðum á undanförunum misserum.

„Þar er hægt að nefna Ítalíu og Zagreb. Síðan er líka nýjung hjá okkur að við höfum verið að fljúga frá landsbyggðinni til áfangastaða, bæði frá Egilsstöðum og Akureyri.“

Þórunn segir að veturinn hafi sýnt að fólk sé að byrja að ferðast aftur en þó sé hægt stigandi.

„Við erum búin að opna á skíðaferðir næsta vetur og er fyrsta flug okkar til Ítalíu 14. janúar. Við höfum fundið fyrir miklum áhuga á þeim ferðum. Borgarferðir eru mjög vinsælar ásamt ýmsum sérferðum sem við erum að bjóða upp á. Viðskiptaferðir eru að aukast þar sem fyrirtæki eru að heimsækja viðskiptavinum sína eða samstarfsfélaga. Golf ferðir hafa líka verið vinsælar auk ýmissa sérferða í golf á framandi slóðir.“ ■

## Segir að skortur á matvælum í heiminum sé áhyggjuefni

magdalena@frettabladid.is

Matvælskortur í heiminum er áhyggjuefni að mati aðalhafraðings Íslandsbanka. Innrás Rússa í Úkraínu hafi haft slæm áhrif á framboð matvæla en þó var farið að bera á skorti áður en stríðið braust út.

Jón Bjarki Bentsson, aðalhafraðingur Íslandsbanka, segir að farið sé að bera á skorti á matvörum víðs vegar í heiminum, einkum á kornvörum. Stríðið í Úkraínu hafi hella olíu á eldinn en farið var að bera á skorti áður en sú staða kom upp.

„Horfurnar eru vægast sagt tví-sýnar. Vissulega hafa þær versnað eftir innrás Rússa í Úkraínu þar sem bæði löndin eru stórir útflytjendur á hveiti, matarolíu og aðföngum til matvælaframleiðslu,“ segir Jón Bjarki en bætir við að fyrir stríðið

hafi verið uppi áhyggjur af matvælaframleiðslu og framboði á heimsvísu, sér í lagi á hveiti.

„Það hefur ekki farið mikið fyrir þeirri umræðu en staðan var fremur slæm áður en stríðið braust út. Við höfum séð uppskeru með rýrara móti í löndum heims vegna veðurfars. Þannig að það má með sannri segja að stríðið hafi bætt gráu ofan á svart.“

Jón Bjarki segir að það séu fyrst og fremst fátækari þjóðir sem munu koma til með að finna hvað mest fyrir stöðunni sem uppi er.

„Ýmiss konar korntegundir eru undirstöðufæða fyrir margar fátækari þjóðir í Norður-Afríku, Mið-Austurlöndum og víðar. Margar þjóðir hafa brugðist við þessu með því að setja hömlur á útflutning, til dæmis Indland. Það getur orðið til þess að auka enn á vandann hjá



Þetta kann að hafa áhrif hér og við erum þegar farin að sjá innflutt matvæli hækka í verði.



Jón Bjarki Bentsson, aðalhafraðingur Íslandsbanka

þeim löndum sem eru ekki sjálfum sér næg með hveiti.“

Jón Bjarki bætir við að það sé ekki aðeins skortur á matvælum heldur einnig á stöðvörum sem notaðar eru til framleiðslu matvæla.

„Það er hætta á skorti á ýmiss konar áburði og skordýraeitri þannig að það mun líklega koma til með að hafa neikvæð áhrif á komandi uppskeru. Síðan má einnig nefna að það er skortur á matarolíu en hún er víða mikið notuð til eldunar, sérstaklega í Asíu og Afríku.“

Jón Bjarki segir það vera áhyggjuefni að staðan kunni að vinda upp á sig og gæti orðið verri á seinni helmingi þessa árs.

„Við erum ekki enn farin að sjá merki um beinan fæðuskort eða hungursneyð vegna þessara áhrifa en ef verð á hveiti og kornvörum helst jafnhátt og hefur verið munu

fátækari lönd á endanum lenda í erfiðleikum með að afla þessara matvæla fyrir þjóðir sínar. Það getur haft ýmislegt í för með sér, í fyrsta lagi er hungursneyð alvarlegur atburður fyrir þær þjóðir sem fyrir því verða en í öðru lagi getur hætta á pólitískum óróa aukist.“

Jón Bjarki segir að ekki sé hægt að útiloka að áhrifa af matarskortri í heiminum muni gæta hér á landi.

„Þetta kann að hafa áhrif hér og við erum þegar farin að sjá innflutt matvæli hækka í verði en á móti kemur að við búum að því að vera hrávöruútflytjandi og sér í lagi matarútflytjandi. Verð á útflutningsvörum eins og fiski hefur hækkað verulega og að því leyti erum við betur stödd en aðrar þjóðir,“ segir Jón Bjarki og bætir við að margar aðrar þjóðir búi ekki við sama fjárhagslega svigrum og við höfum. ■



# ÓSKASKRÍN GEFUR SVO MARGT



577 5600 | info@oskaskrin.is | oskaskrin.is



Við vorum  
**Premis** og  
**Opin Kerfi**

➤ Núna erum  
við **OK**





# Þrotað kerfi



Adalheiður  
Ámundadóttir  
adalheidur  
@frettabladid.is

Þunglyndi er ein helsta orsök örorku samkvæmt upplýsingum á vef Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar og sjálfsvíg er önnur helsta ástæða dauðsfalla fólks á aldrinum 15 til 29 ára. Ævilengd fólks með alvarlegar geðraskanir er 10 til 20 árum skemmri en annars fólks sem sýnir hve sterk tengsl eru milli geðsjúkdóma og ótímabærra dauðsfalla.

Þessi glötuðu mannlíf liggja milli línanna í ömurlegum vitnisburði um geðheilbrigðisþjónustuna í landinu, sem Ríkisendurskoðun birti nýverið. Geta kerfisins til að veita þjónustu er undir væntingum og bið eftir þjónustu alltof löng. Mismunurinn er innbyggð í kerfið og margir fá ekki þjónustu við hæfi vegna óljósra ábyrgðar- og kostnaðarskiptingar, skorts á fjármagni, mannekle og úrræðaleyfi. Upplýsingar liggja ekki fyrir um alger grundvallaratriði eins og tíðni geðsjúkdóma, kostnað og mannaflapörf. Í stuttu máli er þessi málaflökur í rúst.

Það er sorglegt að sjá afrakstur margra verkefna sem hleypta átti af stokkunum samkvæmt stefnu og aðgerðaáætlun í geðheilbrigðismálum sem var samþykkt á Alþingi árið 2016. Vinnumálastofnun var falin ábyrgð á því að fjölga hlutastörfum á opinberum vinnustöðum með það að markmiði að gefa fólki, sem dottið hafði út af vinnumarkaði vegna geðraskanana, tækifæri til að fóta sig á ný. Vinnumálastofnun bærust hins vegar ekki upplýsingar um verkefnið og setti það því aldrei í gang.

Í sömu aðgerðaáætlun átti að efna til átaks um aukna þekkingu starfsfólks í geðheilbrigðisþjónustu á réttindum sjúklinga til túlkabjónustu. Velferðarráðuneytið sem bar ábyrgð á aðgerðinni setti átakið aldrei af stað. Starfshópur sem skila átti áætlun árið 2017 um hvernig vinna ætti gegn fordómum í garð geðfatlaðra var ekki skipaður fyrr en í október 2018. Skýrsla hans er ókláruð.

Ungt fólk sem glímir við þunglyndi eða fíknivanda getur slegið í gegn fái það hjálp á réttu augnabliki, en ella orðið uppspretta ömurlegra harmleikja og dáíð fyrir aldur fram meðan það biður á biðlistum eða velkist um í feni þeirrar óreglu sem umlykur geðheilbrigðisþjónustuna. Það er eins og stjórnmöld skilji þetta ekki. Geðveiki er dauðans alvara. Góðu fréttirnar eru að árangursríkar meðferðir eru til. Við getum hafist handa og þurfum ekki að biða. En verkin sem þarf að vinna hafa ekki verið unnin og á meðan fjara mannlífín út. Það er ekki forgangsmál að bjarga þeim. ■

Verkin sem þarf að vinna hafa ekki verið unnin og á meðan fjara mannlífín út.

## Halldór



## Frá degi til dags

kristinnhaukur@frettabladid.is

### Lausnin fundin

Svandís Svavarsdóttir hefur með einu pennastríki náð að gera það sem engum forvera hennar í matarráðuneytinu hefur tekist að gera, að ná fullkominni sátt um fiskveiðistjórnunarkerfið. Hvernig? Jú, með gamalgrónu bragði er kallast „að skipa nefnd“. En hefur það ekki verið reynt áður? Jú, sjálfsagt. Ábyggilega oft. En trix Svandísar er að skipa 6 nefndir! Í þessum nefndum eru 46 manns með hagsmunum sem stangast fullkomlega á og munu 100 prósent skila af sér niðurstöðu sem allir landsmenn munu gúðdera. Sérstaklega þegar nefndirnar fá svona falleg nöfn eins og Tækifæri, Aðgengi, Umgengi og Samfélag. Þetta getur ekki klikkað.

### Not

Eða hvað? Er líklegt að ráðherrann nái að skapa sátt um kerfi sem er orðið jafn alræmt og vistarbandið? Með því einu að borga hálfu hundræði fólks fyrir að éta vinarbrauð næstu 18 mánuðina? Kvótakerfinu verður vitaskuld aldrei breytt í neinum grundvallaratriðum á meðan Sjálfstæðisflokkurinn er í ríkisstjórn. Og hinir tveir stjórnarflokkarnir hafa ekki sýnt neinn vilja til þess heldur. Réttast væri að nefna þessar nefndir nöfnum eins og Vonbrigði, Klíka, Stöðnun og Sýndarmennska. Að minnsta kosti ætti engin þeirra að heita Pólítískt hugrekki. ■

## Áherslur í orkusölu



Höður Arnarson  
forstjóri  
Landsvirkjunar

Eftirspurn eftir raforku á Íslandi er meiri en framboðið. Græna orkan okkar verður sífellt verðmætari og eftirspurn eftir henni mun aukast enn meira. Framboðið er takmarkað og það tekur tíma að byggja nýjar virkjanir þar sem við þurfum að vanda til verka.

Við þessar aðstæður þarf Landsvirkjun að forgangsraða áherslur í orkusölu til næstu ára. Í því felst að við munum ekki leggja áherslu á að fá nýja stórnótendur í málmiðnaði eða hrávöruvinnslu í viðskipti. Og við munum á þessu stigi ekki heldur leggja áherslu á útflutning orku.

Hægt er að skipta mikilli eftirspurn eftir grænu raforkunni í fimm flokka:

- Í fyrsta lagi er aukin almenn raforkunotkun í samfélaginu og til innlendra orkuskipta óumflýjanleg, sem orkufyrirtæki þjóðarinnar ber að sinna.
- Í öðru lagi er mikilvægt að styðja við aukna stafræna vegferð til dæmis í gagnaverum (þó ekki til rafmyntavinnslu) og við nýsköpun, meðal annars í fjölnýtingu og matvælavinnslu, sem krefst orku og eykur fjölbreytni atvinnulífs um allt land.
- Í þriðja lagi viljum við styðja við framþróun núverandi stórnótenda. Það höfum við gert allt frá stofnun en nýir tímar skapa tækifæri til að efla samkeppnishæfni þeirra og auka framleiðslu á virðisaukandi vörum. Slík þróunarverkefni eru til hagsbóta fyrir samfélagið allt og kalla reglulega á aukna raforkunotkun.
- Í fjórða lagi er eftirspurn frá nýjum stórnótendum í málmiðnaði og hrávöruvinnslu sem vilja hefja hér starfsemi, sem við munum ekki geta sinnt.
- Í fimmta lagi er útflutningur á orku með rafeldsneyti eða sæstreng. Markaður fyrir útflutning á rafeldsneyti mun án efa verða til í náinni framtíð, en er þó ekki enn við sjónarrönd. Sæstrengur krefst meiri umræðu innanlands áður en lengra er haldið og sterkrar pólitískrar leiðsagnar, líkt og verið hefur í Noregi.

Fyrstu þrjú flokkarnir verða að hafa forgang næstu árin, þó að vissulega séu hinir möguleikarnir áhuga-verðir í framtíðinni. ■

**SIR ARNAR GAUTI**  
LÍFSSTÍLSÞÁTTUR

Í KVÖLD KL. 20.00

Lífstílsfrömuðurinn Arnar Gauti snýr aftur með sína fjórðu þáttaröð af þessum geysivinsæla lífstílsþætti.

DINEOUT

HRINGBRAUT



# Illa fengin vatnsréttindi og ósvaraðar spurningar um Hvammsvirkjun í Þjórsá



**Kristín Ása Guðmundsdóttir** sagnfræðingur, á uppruna sinn og framtíð í Skeiða- og Gnúpverjahreppi

Undanfarna tvo áratugi hafa fyrirætlanir Landsvirkjunar um að reisa Hvammsvirkjun í Þjórsá verið kynntar. Upphaflega var rætt um litla rennslisvirkjun sem varð þó fljótlega öllu viðameiri í meðförum Landsvirkjunar, þ.e. 93 megavatta virkjun með 4 ferkílómetra jökulóni niðri undir miðri sveit í Gnúpverjahreppi. Ekki hefur ríkt sátt innan samfélagsins í Skeiða- og Gnúpverjahreppi um fyrirhugaða virkjun.

Hinn 8. mars síðastliðinn fór fram íbúafundur í félagsheimilinu Árnosi í Skeiða- og Gnúpverjahreppi sem sveitarstjórn boðaði til, en um var að ræða kynningarfund Landsvirkjunar á téðri fyrirætlun sinni um Hvammsvirkjun. Í lok fundar

bárust m.a. eftirfarandi spurningar úr sal og spunnust af þeim umræður sem sýndu berlega að ekki væri sátt um málið í sveitarfélaginu:

1) Voríð 2007 handsöluðu þeir ráðherrar vatnsréttindin í Þjórsá yfir til Landsvirkjunar. Það sumar og fram eftir hausti þrýsti Landsvirkjun mjög á landeigendur við Þjórsá um að afsala sér landi undir virkjanir á þeim forsendum að hún ætti vatnsréttindin. Í desember 2007 hafði Ríkisendurskoðun dæmt umrædda færslu vatnsréttinda ógilda. Þar sem Landsvirkjun átti raunverulega ekki vatnsréttindin árið 2007, eru þá samningar við landeigendur frá 2007 ekki líka sjálfkrafa ógildir sbr. lög nr. 7/1936, 30. og 31. grein?

2) Er Landsvirkjun bótaskyld gagnvart þeim landeigendum sem hún lét halda að samningsstaða þeirra væri lakari en hún var?

Samkvæmt lögum nr. 7/1936, 30. og 31. gr., kemur fram að sá sem er krafinn um að láta eitthvað af hendi samkvæmt gerðum samningi, þurfi þess ekki, hafi hann verið staðfastlega rangt upplýstur eða blekktur við samningsgerðina.



**Hvammsvirkjun skorar ekki nærri því hæst í rammaáætlun sem álitlegur virkjanakostur. Til hvers er stigagjöf rammaáætlunar ef ekki á að taka mið af henni?**

Á árunum 2007-2008 lögðu fulltrúar Landsvirkjunar hart að landeigendum beggja vegna Þjórsár um að láta lönd af hendi undir Hvammsvirkjun, Holtavirkjun og Urriðafossvirkjun. Með hin meintu vatnsréttindi Landsvirkjunar að vopni náðu þeir samningum við ýmsa landeigendur, ekki sist þá sem höfðu þráast við vegna andstöðu við framkvæmdirnar og eyðileggunguna sem þeim myndi fylgja.

Þessu til sönnunar er bréf frá

Þorsteini Hilmarssyni, þáverandi fulltrúa Landsvirkjunar, til heimamanns í Gnúpverjahreppi, dagsett 15. nóvember 2007, þar sem hann segir að þeir landeigendur sem þráuðust við gætu aðeins gert það með bótaupphæðir í huga. Um rétt Landsvirkjunar til að virkja léki hins vegar enginn vafi, umræða um hann óþörf og réttindin ótækt efni handa dómstólum að fást við!

Hinn 11. október 2007 sagði Árni Mathiesen fjármálaráðherra í ræðustól Alþingis (sbr. althingi.is) að afar mikilvægt hefði verið að samkomulag næðist við Landsvirkjun um þessi vatnsréttindi í Þjórsá, því að annars hefði málið getað stöðvast, þar sem sveitarfélögin höfðu krafist þess að búið væri að semja við eigendur vatnsréttinda sem væru ekki ríkiseign. Í kjölfarið færðu þeir ráðherrar, með leynd, vatnsréttindin frá ríki (almennungi) til Landsvirkjunar örfáum dögum fyrir alþingiskosningarnar 2007. Þannig „eignaðist“ Landsvirkjun yfirgnæfandi meirihluta í „húsfélagi“ vatnsréttindahafa, án þess að Alþingi væri það kunnugt, eða fjallaði um málið.

Því næst tók Landsvirkjun illa

fengin vatnsréttindin og fór um sveitir á bökkum Þjórsár og notaði þau sem þumalskrúfu á landeigendur sem höfðu þráast við. Í desember 2007, þegar úrskurður ríkisendurskoðunar lá fyrir, kom fram í ræðu Árna Mathiesen fjármálaráðherra 10. desember 2007 að yfirfærslan hefði átt að vera samhangandi virkjanaleyfinu.

Er virkjanaleyfið ekki enn ófengið? Þetta er skýrust staðfesting á að Landsvirkjun fór um vatnsréttindin ófrjálsri hendi þegar hún heimsótti landeigendur á bökkum Þjórsár árið 2007, veifandi þeim.

Hvammsvirkjun skorar ekki nærri því hæst í rammaáætlun sem álitlegur virkjanakostur. Til hvers er stigagjöf rammaáætlunar ef ekki á að taka mið af henni? Hvers vegna á að ráðast í Hvammsvirkjun á undan öðrum hagkvæmari kostum og hrífa frá fólki umhverfið úr þess daglega lífi þar sem það býr og þar sem matvæli eru framleidd síðan í öndverðu? Engin svör hafa enn borist frá Landsvirkjun við þessum sjálfsgöngu fyrirspurnum um mál-efnið frá íbúum og öðru heimafólki í gullhreppi. ■

## Græn sókn í atvinnulífinu



**Patricia Thormar** fræðslustjóri Laufsins og meðstofnandi SPJARA

Sú tíð er liðin þegar hægt var að afsala sér ábyrgð og þvo hendur sínar af umhverfissóun. Enginn geiri, enginn vinnustaður, enginn einstaklingur er lengur undanskilinn. Öll berum við ábyrgð á sameiginlegri framtíð okkar og við höfum ekki lengur efni á því að biða eftir að aðrir taki málin í sínar hendur. Ný kynslóð neytenda lítur dagsins ljós, sem hefur önnur viðmið og gildi en kynslóðirnar á undan og þessar kynslóðir munu ekki gefa fyrirtækjum sem tefla framtíð þeirra í tvísýnu nokkurn afslátt, né heldur athygli sína, sem er nýi gjaldmiðill okkar tíma. Þetta sýna bæði íslenskar og erlendar rannsóknir.

Þessi kynslóð mun á sama tíma taka við sem starfsmenn og stjórnendur framtíðarinnar á næstu 5-10 árum. Dæmi eru um að ungt fólk sem er að hefja starfsferil sinn í dag spyrji vinnuveitendur í atvinnuviðtali hver umhverfisstefna fyrirtækisins sé eða hvort fyrirtækið hafi mælt kolefnissporið af starfsemi sinni. Vinnuveitendur sem keppa um hæfasta starfsfólkið þurfa að vera viðbúinir því að svara þessum spurningum af heilindum.

Best er að snúa vörn í sókn og eiga



**Smá tiltekt hér og þar getur stundum farið langleiðina að því að spara bæði umhverfissporin og kostnað.**

frumkvæði að því hefja sjálfbærni-vegferðina frekar en að sitja eftir. Það er enginn ávinningur af því að biða og eiga hættu á að lenda í trássi við nýja löggjöf eða almenningsálitið. Tækifærin eru margs konar og fyrsta skrefið fyrir stjórnendur felst oftast í því að hefja samtal við starfsfólk sitt þvert yfir fyrirtækið, óháð stöðu eða starfsaldri. Þótt breytingar þurfi stuðning frá ædstu stjórnendum eru það gjarnan framlinustarfsmenn sem koma með bestu hugmyndirnar, enda þekkja þau viðskiptavinina og starfsemina einna best. Smá tiltekt hér og þar getur stundum farið langleiðina að því að spara bæði umhverfissporin og kostnað.

Bestu fyrirtækin eru aftur á móti þau sem skilja slíkar fínstillingar eftir í reyf og hugsa dæmið

lengra. Þetta eru fyrirtæki sem skilgreina sig út frá tilgangi sínum, sem kallast nú á dögum að vera tilgangsdrikin. Sú hugmyndafræði að markmið fyrirtækja sé fyrst og fremst að hámarka arðsemi fyrir eigendur sínar tilheyrir hagfræðispeki risaeðlanna. Fyrirtæki sem líta á sig sem liðsheildir sem leysa samfélagsleg vandamál standa sig betur en önnur fyrirtæki á öllum helstu mælikvörðum: Starfsmannaveltan er lægri, ánægja starfsmanna mælist hærrí, viðskiptavild og orðspor er betra, hagnadurinn meiri. Þetta hafa rannsóknir nýlega staðfest en einnig byggir þetta á þeirri einföldu hugmynd að við trúum því innst inni að við séum góð, og við viljum vinna hjá og leggja allt okkar af mörkum fyrir fyrirtæki sem við trúum að séu líka góð.

Nú er sóknarferi fyrir fyrirtæki sem vilja staðsetja sig á samfélagslegum og umhverfislegum kvarða að líta í kring um sig og finna leiðir til að bjóða viðskiptavinum, starfsmönnum og almennungi raunhæfar lausnir við ýmsum vandamálum sem steðja að okkur. Við þurfum að nýta okkur fjölbreytt sjónarmið og fjölbreyttar leiðir því við þurfum alls konar en ekki einhæfar lausnir; aðgengilegar, heilðrænar, bæði náttúrumiðaðar og tæknilegar, persónulegar og samfélagslegar, hefðbundnar og óhefðbundnar.

Um jörðina okkar gildir sama heilræði eins og segir í vísunni göðu um móðurmálið: Að gæta hennar gildir hér og nú – það gerir enginn nema ég og þú. ■

## Af breytni presta



**Diljá Mist Einarsdóttir** þingmaður Sjálfstæðisflokksins

Það er vel þekkt og skiljanlegt að fólk skipti um starfsvettvang yfir ævina. Hvað þá þegar horft er til þess hve ævi manna hefur lengst og heilsan batnað og þar með starfsgeta og -þrek. Fólk á miðjum aldri sem er orðið eirðarlaust og gramt, jafnvel þannig að það smitist út í umhverfið, ætti e.t.v. að hugsa sér til hreyfings.

Mér varð hugsað til þessa þegar ég eins og fleiri varð östöðugur hegðunar og skrifa sóknarprests í Reykjavík áskynja. Til prestsstarfa eru þeir valdir sem búa yfir hæfileikum í mannlegum samskiptum og til að miðla málum, enda er sátta-miðlun hluti af starfi presta. Auk þess að stýra trúarlegum athöfnum, felst í starfi þeirra að útskýra kennisetningar kristni og tengja þær við líf fólks í samtímanum. Umræddur prestur nefnir tiltekið fólk fasista og dæmir það til helvítisvistar og réttlætir skrifin með vísan til Biblíunnar. Það er því sannarlega ekki hægt að aðgreina prestinn og persónuna.

**Þeir breyta ekki sem þeir bjóða** Umræddur prestur hefur að vísu áður og æ oftar notað hempuna og Guðs hús til þess að predika eigin



**Grunngildi kristinnar trúar eru kærleikur, umhyggja og virðing fyrir náunganum. Fyrirgefning og auðmýkt.**

stjórnmalaskoðanir yfir fækkandi sóknarbörnum sínum. Ég er því fegin eins og fleiri að hann er ekki minn sóknarprestur. Þegar hatur og mannfyrirlitning er farin að vella daglega upp úr prestinum undir þeim formerkjum að hann sé kærleiksrikari og betri en aðrir, er þá ekki kominn tími á breytingar?

Grunngildi kristinnar trúar eru kærleikur, umhyggja og virðing fyrir náunganum. Fyrirgefning og auðmýkt. Það er grundvallarforseta að þeir sem starfa á vegum kirkjunnar hafi þessi kristnu gildi í heiðri, bæði í orði og á borði. Prestar sem fara fram með offorsi, uppnefna og dreifa hatrí eru ekki góður vitnisburður kristinnar trúar – eru einfaldlega ekki starfi sínu vaxnir. Þeir mættu gjarnan hvíla síðferðilega mælistiku sína á aðra og skoða sinn innri mann. ■



## Stórar ákvarðanir með lítilli fyrirhöfn

Með Snjallákvörðun Creditinfo getur þú framkvæmt mat á þínum viðskiptavinum á augabragði.

**CREDITINFO** | Snjallákvörðun





✝

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,  
**Ingi Einar Jóhannesson**  
 frá Dynjanda,  
 lést á hjúkrunarheimilinu Eyri Ísafirði miðvikudaginn 25. maí.  
 Hann verður jarðsunginn frá Ísafjarðarkirkju föstudaginn 3. júní kl. 14. Streymt verður frá útförinni á Facebook-síðu Viðburðastofu Vestfjarða.

**Alda S. Gísladóttir**  
**Dagný S. Geirsdóttir**  
**Guðbjörg R. Jónsdóttir**  
 afabörn og langafabörn.

**Elvar G. Ingason**  
**Brynjar Ingason**



✝

Hjartans þakkir sendum við þeim sem heiðruðu minningu elsku eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, stjúpöður og afa,  
**Benediktus Geirssonar**  
 fv. framkvæmdastjóra,  
 og sýndu okkur samúð og hlýju við andlát hans og útför.


**Helga Möller**  
**Rúnólfur Geir Benediktsson** **Guðrún J. Georgsdóttir**  
**Bergún Elin Benediksdóttir** **Samúel Orri Samúelsson**  
**Katrín Johnson**  
 og barnabörn.



✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,  
**Lilja Magnúsdóttir**  
 lést á hjúkrunarheimilinu Eir föstudaginn 20. maí.  
 Jarðsungið verður fimmtudaginn 2. júní frá Háteigskirkju kl. 13.00.  
 Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnst hennar er bent á Kristnibóðssambandið.

**Guðbjörn Baldvinsson** **Ingibjörg Sigurðardóttir**  
**Lilja Baldvinsdóttir**  
**Kristján Árni Baldvinsson**  
**Magnús Þ. Baldvinsson** **Bettina Wilhelmi**  
**Halldór Baldvinsson** **Katrín Garðarsdóttir**  
 barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.



✝

Elskuleg móðir mín og amma okkar,  
**Þóra Þórgrímsdóttir**  
 fyrrum starfsmaður Lífeyrissjóðs verzlunarmanna, áður til heimilis að Ljósheimum 18a í Reykjavík,  
 lést fimmtudaginn 26. maí á hjúkrunarheimilinu Hrafnistu í Reykjavík.  
 Útför hennar fer fram frá Langholtskirkju, mánudaginn 13. júní kl. 13.00.

**Heiða Sigurrós Gestsdóttir**  
**Svanur Þór Stefánsson**  
**Gestur Magnús Stefánsson**  
 og **Selma Rós Oruc**



✝

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,  
**Sigurður Hrafn Þórólfsson**  
 Svöluhöfða 11, 270 Mosfellsbæ,  
 verður jarðsunginn frá Grafarvogskirkju fimmtudaginn 2. júní kl. 13.

**Margrét Ragnarsdóttir**  
**Hólmfríður Hemmert Sigurðardóttir** **Örn Franzson**  
**Ragnhildur Hemmert Sigurðardóttir** **Sigurður Torfi Sigurðsson**  
**Ernir Hrafn Arnarson** **Anna Gunnlaug Friðriksdóttir**  
**Þórólfur Sigurðsson**  
**Margrét Helga Hemmert Arnardóttir**  
**Hrafnhildur Svava Hemmert Sigurðardóttir**  
 og langafabörn.



Sýningin er að mestu án orða.  
 FRÉTTABLAÐIÐ/  
 SIGTRYGGUR ARI

## Fjölskrúðugur snákur í Borgarleikhúsinu

Verkið Snákur er samstarfsverkefni Rauða krossins og Borgarleikhússins. Listamennirnir að baki verkinu eru innflytjendur og hælisleitendur.

arnartomas@frettabladid.is

„Æfingarnar eru búnar að vera áhuga-verðar þar sem listamennirnir fá stundum boð í atvinnuviðtal og þurfa að þjóta,“ segir Elisabeth Nienhuis, höfundur sýningarinnar Snákur sem sýnd verður í Borgarleikhúsinu í kvöld. „Það hefur verið áhugavert að upplifa að setja upp sýningu þar sem leikhúsið er ekki í fyrsta sæti hjá fólki heldur lífið sjálft, sem er öfugt farið við venjulegar leik-sýningar.“

Listafólkið að baki sýningunni er innflytjendur og hælisleitendur og segir Elisabeth að verkefnið hafi komið til í kringum leiklistartengt sjálfboðastarf

hennar hjá Rauða krossinum. „Fleira og fleira fólk kom til mín í hverri viku. Margir eignuðust góða vini og þau áttuðu sig svo á að þau vildu fá að komast á svið,“ útskýrir Elisabeth sem segir listafólkið að baki verkinu vilji fá að kynnað islensku fólki. „Mörg þeirra eru feimin við að tala við fólk á Íslandi því þeim finnst þau koma fyrir eins og útlendingar sem eru að ónáða fólk. Þess vegna langaði þeim að koma fram á sviði til að geta tjáð sig og sýnt öðrum hver þau eru.“

### Samstilltur hjartsláttur

Þannig snýst Snákur um hugrekki þess að bera sig eftir björginni og að aðlagast nýjum heimkynnum. En hvaðan dregur sýningin nafn sitt?

„Eitt af því sem við gerðum í tímum hjá Rauða krossinum var að haldast í hendur, hlaupa um og mynda þannig eins konar snák,“ segir Elisabeth. „Enska er ekki annað mál hjá flestum sem tala

mest arabísku, úkraínsku og spænsku. Þegar við mynduðum snákinn áttum við auðvelt með að skilja hvert annað. Hvort sem viðkomandi var níu ára eða sextíu ára – fólk fannst það bara gaman.“

Listafólkið sem stendur að sýningunni á það þó sameiginlegt að upplifa mikla óvissu og hefur tveimur af flytjendum verksins verið vísað af landi brott. Elisabeth segir þó ótrúlega upplifun að fá að vinna í kringum fólk með jafn ólíkan bakgrunn og raun ber vitni í sýningunni.

„Hversu mikil ringulreið sem myndast þá kemur fólk alltaf saman til að einbeita sér að lokum,“ segir hún. „Ein sem er tólf ára gömul frá Hondúras sagði mér að hjartsláttur milli fólks samstilli sig en andardrátturinn ekki. Ólíkur bakgrunnur eða aldur fólks hefur ekki valdið okkur vandamálum.“

Sýningin fer fram klukkan 20 í kvöld. Aðgangur er ókeypis en sækja þarf miða í gegnum tix.is. ■



⚓

Elskulegur eiginmaður minn, sonur, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,  
**Árni Pálsson**  
 rafvélavirki frá Raufarhöfn,  
 verður jarðsunginn frá Grafarvogskirkju föstudaginn 3. júní kl. 13.00.  
 Streymt verður frá útförinni á YouTube-síðu Grafarvogskirkju.  
 Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir. Þökkum auðsýnda samúð og hlýhug.

**Hallgerður Pétursdóttir**  
**Una Hólmfríður Kristjánsdóttir**  
**Þórarinn Valur Árnason** **Katrín Guðrún Pálsdóttir**  
**Una Kristín Árnadóttir** **Björn Sverrisson**  
**Páll Hjaltalín Árnason** **Friðborg Hauksdóttir**  
 afabörn og langafabarn.



✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og systir,  
**Margrét Sigurðardóttir**  
 lést sunnudaginn 15. maí.  
 Útför hennar fer fram frá Fossvogskirkju, miðvikudaginn 1. júní kl. 13.

**Dætur, tengdasynir, barnabörn og systur.**



✝

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,  
**Halldór Þ. Þorsteinsson**  
 Vararvegi 4, Garði,  
 lést 26. maí 2022.  
 Útförin verður auglýst síðar.

**Tómas Þ. Halldórsson** **Jessica Agan Macasarte**  
**Þorsteinn A. Halldórsson** **Lilja Dís Birgisdóttir**  
**Helga S. Halldórsdóttir** **Snæbjörn Ottarsson**  
**Anna Halldórsdóttir**  
 og barnabörn.



✝

Okkar ástkæra móðir, dóttir, tengdamóðir, systir, mágkona og amma,  
**Margrét Kristjánsdóttir**  
 Fróðengi 16, Reykjavík,  
 lést á gjörgæsludeild Landspítalans við Hringbraut, sunnudaginn 29. maí.  
 Útför hennar fer fram í Grafarvogskirkju fimmtudaginn 9. júní kl. 13.

**Sigríður Tinna Jóhannsdóttir**  
**Kristján Ingi Jóhannsson**  
**Sigríður Sigurðardóttir**  
**Björgvin Hörður Arnarson**  
**Sigrún Una Kristjánsdóttir**  
**Jón Valur Smárason**  
**Tara Sif Ólafsdóttir**  
**Margrét Lilja Ólafsdóttir**



✝

Ástkær bróðir okkar og frændi,  
**Halldór Vilhjálmsson**  
 lést á Hjúkrunarheimilinu Skjólgarði 26. maí síðastliðinn.  
 Útförin fer fram frá Hafnarkirkju föstudaginn 3. júní klukkan 11.  
 Þeim sem vilja minnst hans er bent á Gjafa- og minningarsjóð Skjólgarðs.  
 Streymt verður frá athöfninni á slóðinni: www.hafnarkirkja.is.

**Guðbjörg Vilhjálmssdóttir** **Heiður Vilhjálmssdóttir**  
 systrabörn og fjólskyldur.





FORLAGIÐ

Alltaf opið á [www.forlagid.is](http://www.forlagid.is)

MIÐVIKUDAGUR 1. júní 2022



John Nettles lék Tom Barnaby frá upphafi til ársins 2011. Hann spjallar um hlutverkið í afmælisþættinum.

MYND/ITV

## Barnaby í 25 ár

elin@frettabladid.is

Breska sjónvarpsstöðin ITV heiðraði 25 ára afmæli Midsomer Murders með sérstökum þætti á sunnudag. Fyrsti þátturinn fór í loftið 23. mars 1997 og er einn ástsælasti og langlifasti sakamálaþáttur Bretlands. Þættirnir hafa verið sýndir á RÚV undir nafninu Barnaby ræður gátuna. Í þættinum var rætt við leikara og aðstandendur þáttanna. Þar á meðal John Nettles sem lék Barnaby frá upphafi til ársins 2011 þegar Neil Dudgeon tók við.

Mörgum þykir merkilegt að þættirnir hafi lifað góðu lífi þótt skipt væri um aðalleikara. Í gegnum árin hafa margir af þekktustu leikurum Bretlands komið fram í Midsomer Murders og fæstir komið lifandi frá þeim enda eru morðin í þáttunum komin yfir 500. Meðal þeirra eru Óskarsverðlaunaleikkonan Olivia Colman, Henry Cavill sem lék Superman og Orlando Bloom.

### Sýndir í 200 löndum

Midsomer er ekki til í alvörinni en flestar tölur eru í fallegum smábæjum í Oxford- og Buckinghamshéruðum. Fallegt landslag enskra smábæja setur mikinn svip á þættina. Morðin eru mörg svakaleg, fórnarlömbin deyja í mjúku súkkulaði, í tunnu sem er full af ornum eða sem fuglahræður og allt þar á milli. Hugmyndaflug handritshöfundar virðist óendanlegt. Það er þó aldrei langt í húmorinn sem gerir þessa myrku þætti svo áhugaverða, en þeir eru sýndir í 200 löndum. ■



Sigrún Andersen, framkvæmdastjóri Provision ehf., sem rekur Eyesland gleraugnaverslanir og Provision heilidsölu.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Eyesland stígur skrefinu lengra

Glæraugnaverslun Eyesland býður upp á vandaða og framúrskarandi þjónustu þegar kemur að sjónmælingum og ráðgjöf í verslun. Fjölmörg þekkt vörumerki eru í boði. **2**



Eyesland gleraugnaverslun býður upp á vandaða og framúrskarandi þjónustu þegar kemur að sjónmælingum og ráðgjöf í verslun. „Undanfarin ár höfum við markvisst unnið í því að byggja upp og styrkja vitund um vörumerki Eyeslands með heildræna staf-ræna stefnu, bættu þjónusta, betri ímynd vörumerkis og augnheilbrigði að leiðarljósi,“ segir Sigrún Andersen, framkvæmdastjóri Provision ehf., sem rekur gleraugnaverslanir og heildsölu.

Eyesland var stofnað 2010 af eigendum og augnlæknum Sjónlags með það að leiðarljósi að bjóða gæðagleraugu á góðu verði. Rætur fyrirtækisins liggja á faglegu sviði augnlækninga og augnheilbrigðis. Árið 2010 var fyrsta verslunin opnuð í Glæsibæ og önnur verslun opnuð í miðbæ Reykjavíkur árið 2016. „Innblástur verslunarinnar er nær umhverfið, þá einna helst bryggjuhverfið í Reykjavík, sjómennska og íslenska náttúran. Falleg litapalletta, efnisval og innréttingar skapa umhverfi sem minnir óneitanlega á okkar arfleifð og hvað við stöndum fyrir,“ segir Sigrún.

Verslunin á Granda er staðsett á Grandagarði í nálægð við íbúa Vesturbæjar og Seltjarnarness. „Við leggjum áherslu á persónulega og afslappaða stemningu, jafnframt er verslunin hlýleg og færur við náttúruna til viðskiptavina með fallegum innsetningum úr íslenskri náttúru. Við viljum skapa þá sérstöðu að viðskiptavinur finni fyrir tengingu við íslenska arfleifð og náttúru.“

#### Gleraugnaverslun í hæsta gæðaflokki

„Við erum gleraugnaverslun fyrir alla fjölskylduna, við viljum ná til heildarinnar. Karakter markaðsefnis er hlýlegt, jarðbundið og gefur til kynna að um fagmennsku er að ræða,“ segir Sigrún.

Eyesland hefur á að skipa stórum og breiðum viðskiptavinahópi af öllu landinu. „Það er ánægjulegt að sjá hve erlendur viðskiptavinur hefur fjölgað við opnun verslunar okkar á Grandagarði,“ segir hún og bætir við að mikilvægt sé að vera á táknum þegar kemur að kauphegðun viðskiptavina sem í stórum mæli versla á netinu.

Með nýrri vefverslun Eyesland hefur viðskiptavinur þann kost að kaupa gleraugu með sjónglerjum. Að sögn Sigrúnar er algengt erlendis að gleraugnaverslanir bjóði upp á þennan möguleika. „Þetta er sniðugur kostur fyrir viðskiptavini sem búa úti á landi og einnig fyrir þá sem vilja spara sér tíma og klára gleraugnaupin í rólegheitunum heima í stofu. Hægt er að panta sjónmælingu með skömmum fyrirvara í vefversluninni, eyesland.is.“

Hjá Eyesland starfa sjóntækjafræðingar með margra ára reynslu í faginu. „Einnig er í boði að panta tíma í linsukennslu og erum við með mikið úrval af vönduðum linsum,“ segir Sigrún og bendir á að hægt sé að skrá sig í áskrift á linsum í vefverslun Eyesland. „Það er góður og jafnframt hagstæður kostur fyrir þá sem nota linsur reglulega,“ segir Sigrún og bætir við að frí heimsending sé innifalinn í áskriftinni og einnig fái áskrifendur fría augnskodun árlega.

**Útivistargleraugu njóta vinsælda** Áhugi hlaupara á vönduðum útivistargleraugum hefur aukist töluvert síðastliðin ár, einna helst vegna þess að gleraugun veita öryggi og gefa jafnframt skarpa sýn á umhverfið. Hlaupararnir Elísabet Margeirsdóttir og Halldóra Gyða Matthíasdóttir hjá



Verslunin á Granda er staðsett á Grandagarði, lögð er áhersla á persónulega og afslappaða stemningu. Sjá má skemmtilega skírskotun í nálægð nær umhverfi, þá einna helst bryggjuhverfið í Reykjavík.

**” Eyesland býður upp á fjölbreytt og spennandi úrval erlendra vörumerkja og erum við í samstarfi við stærstu og þekktustu alþjóða gleraugnaeðjurnar.**

Sigrún Andersen

Náttúruhlaupum eru ánægðar með Poc gleraugum sín. Þær eru miklir reynsluboltar þegar kemur að hlaupum og útbúnaði. Elísabet hefur góða reynslu af Poc Define gleraugunum sem eru mjög nett og sitja vel á andliti og hefur Halldóra góða reynslu af Poc Elicit, sem er splunkuný lína hjá Poc.

Halldóra fékk nýlega útivistargleraugu með sjónglerjum sem hún segir vera sniðuga lausn sem fleiri ættu að kynna sér. „Þetta er allt annað líf eftir að ég fékk mér margskipt útivistargleraugu, betra og skarpara sjónsvið í hlaupunum og nú get ég fengið allar nauðsynlegar upplýsingar á úrinu til að auka gæði útiverunnar,“ segir Halldóra. Hjá Eyesland er boðið upp á sértækar lausnir í sportglerjum og faglega ráðgjöf við val á útivistargleraugum. Poc, Rudy Project,

Oakley og Adidas eru meðal þeirra merkja sem eru fánleg í Eyesland.

#### Eitthvað við allra hæfi

„Eyesland býður upp á fjölbreytt og spennandi úrval erlendra vörumerkja og erum við í samstarfi við stærstu og þekktustu alþjóða gleraugnaeðjurnar,“ segir Sigrún. Helstu vörumerkin sem Eyesland býður upp á eru Tommi Hilfiger, Boss, Marc Jacobs, MAX&Co., Gant, Victoria Beckham, Marc O'Polo, Skaga, Adidas, Nike og Poc. Aðspurð um trendin í sólgleraugum og umgjörðum segir Sigrún þau einna helst vera í stórum og finlegum umgjörðum úr málm og plasti. „Stórar og veigamiklar umgjörðir eru einnig vinsælar hjá okkur og jafnframt eru þessar klassísku umgjörðir alltaf vinsælar.“ Nú þegar sólin er hátt á lofti hefur aukist töluvert að viðskiptavinir fái sér sjóngler í sólgleraugna-umgjörðir. „Við bjóðum upp á mjög vönduð sjóngler og einnig þegar kemur að sólgleraugum,“ segir Sigrún og bætir við að margar útfærslur séu í boði í sólgleraugum með styrk. „Hægt er að fá meðal annars sólgler með spegli eða gradient og einnig eru margir litir í boði.“ ■

Eyesland verslanir eru staðsettar á Grandagarði 13, í Glæsibæ á 5. hæð og vefverslun Eyesland, eyesland.is.

Hlaupararnir Elísabet Margeirsdóttir og Halldóra Gyða Matthíasdóttir hjá Náttúruhlaupum eru ánægðar með Poc Define útivistargleraugum. Halldóra er með sjóngler í sínum gleraugum sem er sniðug lausn fyrir þá sem vilja auka lífsgæði sín í útivist og íþróttum.

FRÉTTABLAÐIÐ/  
SIGTRYGGUR ARI



Hilmar Ingimundarson er flottur með Rudy Project útivistargleraugum. Hjá Eyesland má finna mikið úrval af flottum útivistargleraugum frá meðal annars Poc, Rudy Project, Oakley og Adidas.



Elísabet er með Rudy Project útivistargleraugu sem henta einnig vel í hlaup. Halldóra er með fjölbúla Poc Elicit gleraugu sem er splunkuný lína hjá Poc.



# BIOThERM



COMMITTED TO A BETTER FUTURE  
FOR YOUR SKIN AND THE OCEAN  
#LiveByBlueBeauty

# BIOThERM

Í LYFJUM OG HEILSU KRINGLUNNI OG GLERÁRTORGI  
MIÐVIKUDAG TIL LAUGARDAGS 1. - 4. JÚNÍ.



VELDU PINN KAUPAUKA

Pegar keyptar eru Biotherm vörur fyrir 9.500 kr  
eða meira á meðan birgðir endast

Sundtaska

EDA

Handklæði (ekki á mynd)

EDA

Snyrtitaska með Waterlover sólarvörn 40 ml, Lait Corporel body  
lotion 20 ml, Life Plankton Elixir 5 ml og Cera Repair krem 5 ml.

## BIOThERM 20% AFSLÁTTUR

 Lyf & heilsa



# Mögnuð áhrif á húðina, orku og úthald

Eftir að Hulda hóf að taka inn Astaxanthin frá ICEHERBS finnur hún mun á heilbrigði húðarinnar. Hún finnur síður fyrir bólgum og eymslum í líkamanum og bætiefnið gefur henni orku og úthald til að takast á við annasama daga.

Hulda Rós Hákonardóttir hóf að taka inn Astaxanthin fyrir átta mánuðum síðan eftir að systir hennar, Hrafnhildur, mælti með því. „Hún sagði mér hvað það hefði gert sér gott og það vakti forvitni mína,“ segir Hulda, sem er einn eigandi Ger verslana sem reka Húsgagnahöllina, Betra Bak og Dorma.

## Góð áhrif á systurina

„Systir mín lýsti fyrir mér hvað Astaxanthin hafði gert fyrir sig. Hún sagðist finna fyrir minni bólgum og það gæfi henni einnig aukna orku og styrk í æfingum. Sjálf hef ég alltaf æft frekar mikið svo það talaði til mín. Einnig minnst hún á áhrif Astaxanthins á húðina, en þegar maður nálgast fimmtugsaldurinn er alltaf stór plús ef eitthvað getur hægt á öldrun húðarinnar,“ segir Hulda kankvís.

## Líður almennt betur

Hulda segist ekki hafa prófað neitt áður sem eigi að hafa svipaða virkni og Astaxanthin. „Ég hef þó alltaf verið dugleg að taka inn vítamín, og sér í lagi við hækkandi aldur. Eftir að ég byrjaði að



taka inn Astaxanthin finn ég mun á bólgum í líkamanum.

Áður vaknaði ég oft þrútin, á höndum sérstaklega, og var aum í liðunum.

Þetta hefur nánast alveg horfið eftir að ég bætti Astaxanthini við daglega rútinu. Mér finnst húðin líka mun betri og þar sem það hefur nú verið

ágætis veður undanfarið, finn ég að ég er mun síður viðkvæm fyrir sólinni.

Ég finn líka mun á mér eftir æfingar. Þegar ég hef verið að lyfta þá er líkaminn sneggri að jafna sig. Svo á ég stóra fjölskyldu, er með fjóra unglunga og rek líka eigið fyrirtæki. Það er því alltaf nóg að gera hjá mér. Eftir að ég byrjaði að taka inn Astaxanthinið finn ég fyrir aukinni orku til að takast á við öll mín daglegu störf, og meira til. Það tók nokkrar vikur fyrir mig að finna mun á mér, en í dag líður mér einstaklega vel. Ég er með meiri orku og úthald og líður bara almennt betur í líkamanum,“ segir Hulda.

## Magnað bætiefni

ICEHERBS bætiefnin eru íslensk framleiðsla og segist Hulda vel kunna að meta það. „Mér finnst það algjörlega frábært að við á Íslandi séum að nýta þau efni sem til eru í náttúrunni okkur til heilsuþótar. Það sem er svo magnað við Astaxanthin er hvað það er breiðvirkt. Það er ekki bara gríðarlega öflugt andoxunarefni heldur hefur það margþætt jákvæð áhrif á allan líkamann,“ segir Hulda.

## Öflugt andoxunarefni

Astaxanthin er gríðarlega öflugt andoxunarefni sem hefur marg-

“Ég finn líka mun á mér eftir æfingar. Þegar ég hef verið að lyfta þá er líkaminn sneggri að jafna sig.

Hulda Rós

visleg jákvæð áhrif á líkamann. Áhrif Astaxanthin hafa verið mikið rannsökuð og sýna klínískar rannsóknir fram á stórkostlega eiginleika efnisins. Það veitir vörn gegn geislum sólar og stuðlar að heilbrigði augna, heila og hjarta.

Astaxanthin hefur frábæra eiginleika fyrir húðina. Það verndar hana, bætir rakastig hennar, mýkt og dregur úr fínun hrukkum, blettum og freknum. Það hefur styrkjandi virkni fyrir húðina og eykur náttúrulega eiginleika hennar til að verjast sólinni og útfjölbláum geislum hennar. Ólíkt sólkremum sem borin eru á húðina, blokkar Astaxanthin ekki UV-geislana, og kemur því ekki í veg fyrir að UVB-geislarnir breytist í D-vítamín í húðinni. Það ver húðina einfaldlega gegn skemmdum.

Astaxanthin dregur almennt úr bólgum og nýtist vel gegn nánast hvaða bólguástandi sem er, hvort sem það er í liðum eða annars staðar. Að auki getur það stuðlað að auknum árangri hjá íþróttafólki. ■

ICEHERBS fæst í öllum betri matvöruverslunum, apótekum, heilsuvöruverslunum og glæsi-legrí vefverslun iceherbs.is.

# Búum ekki til óþarfa gjá á vinnumarkaðnum

Sýn fólks á vinnu og forgangsroðun tíma er að breytast, aukin krafa er um sveigjanleika, fjölskylduvænan lífsstíl og velsæld. Fólki lifir lengur og er heilsuhraustara. Það er hröð tækniþróun, alþjóðavæðing og aukin pressa á umhverfismálin.

Það er margt að breytast í umhverfi okkar, sem hefur áhrif á vinnustaði og stjórnun, að því er Herdís Pála stjórnunarráðgjafi segir. „Við þurfum að hafa þessar breytingar í huga þegar kemur að því að undirbúa vinnustaði fyrir framtíðina, til dæmis í gegnum þjálfun og ráðningar, svo við séum ekki sjálf að búa til skort á vinnuafli og gjá á vinnumarkaði.

Gjá þar sem við á sama tíma upplifum skort á vinnuafli og auknið atvinnuleysi, vegna ónógrar atvinnuhæfni eða fordóma og úreltra hugmynda,“ segir hún.

## Þjálfun starfsfólks

„Við getum dregið úr skorti á vinnuafli með því að tryggja atvinnuhæfni allra sem vilja vinna. Það þarf að vera samvinnuverkefni vinnustaða og vinnuafli.

Við þurfum að viðhalda og auka atvinnuhæfni með þjálfun, og draga þannig úr áhættunni á skorti á vinnuafli á sama tíma og atvinnuleysi eykst, vegna ónógrar atvinnuhæfni vinnuafli,“ segir hún enn fremur og bætir við:

„Hluti af þjálfun og breytingastjórnun vinnustaða snýr að aðlögunarhæfni, sem nauðsynleg



er fyrir breytingar og undirbúning fyrir framtíðina.

Ég er nýlega komin með réttindi til að leggja fyrir vísindalega hannað mat á aðlögunarhæfni, fyrir einstaklinga, teymi og vinnustaði í heild. Matid tekur til getu, persónueinkenna og stuðnings í umhverfinu.

Niðurstöðurnar geta nýst vel til að meta hvaða þætti þarf helst að styrkja og þjálfa og hvað þarf að styrkja í umhverfinu svo aðlögun og breytingar gangi sem best fyrir sig.“

## Ráðningar og fjölbreytileiki

Herdís Pála segir að einstaklingar sem hafa atvinnuhæfni, getu og vilja til að vinna en fá ekki vinnu sé annað sem við þurfum að skoða.

„Eru fyrirtæki sjálf að ýta undir skort á fólki? Of þröngur skilgreiningar, hugsanaskekkingur og ósveigjanleiki þegar kemur að því að skilgreina eftirsóknarvert vinnuafli koma oft í veg fyrir að fyrirtæki ráði fólk sem vill vinna og þar með verður til stærri gjá. Hægt er að taka tvö dæmi, líkamlega getu og aldur,“ segir hún.

„Oft er horft fram hjá fólki með líkamlegar takmarkanir, jafnvel þótt það að öðru leyti hafi atvinnuhæfni, menntun, þekkingu, getu og vilja til að vinna. Í störfum þar sem meira reynir á hugræna getu en líkamlega ætti líkamleg geta ekki að vera áhrifaþáttur í ráðningum. Þarna er mannaúður sem nýta mætti mun betur.

Annað dæmi er þegar hæfni, sveigjanleiki, sköpunarhæfni og fleira eru tengd við lífaldur fólks, sú tenging er ekki studd rann-

Herdís Pála er stjórnunarráðgjafi og rekur sitt eigið fyrirtæki. Hún hefur starfað við mannauðsmál og stjórnun frá árinu 2000.

FRÉTTABLAÐIÐ/  
VALLI

